

Sveitarfélagið Hornafjörður
b.t. Umhverfis- og skipulagsnefndar
skipulag@hornafjordur.is

15. nóvember 2024

Efni: Fyrirspurn vegna nýrrar merkjalýsingar mill Bæjar og Reyðarár í Lóni.

Formáli.

Lönd Bæjarjarðanna og Reyðarár í Lóni liggja saman á löngu svæði. Í landamerkjaskrá frá 7. janúar 1886 um jörðina Reyðará segir um mörk Reyðarár og Bæjar: „Að vestanverðu við jörðina Bæ, ræður fyrst Reiðaráin fram í Grjótárgljúfur, þaðan bein lína og í svo kallað Grundarhraun; úr Grundarhrauni og í þúfunu á Þinghrauni, úr þeirri sömu þúfu sjónhending í austustu markþúfu á Kallteigsbakka; úr þúfunni sjónhending út í lónið, sem verður við svokallað Markkílsmynni“. Í landamerkjaskrá Bæjar frá 10. júní 1922 segir um mörk Bæjarjarðarinnar gagnvart Reyðará: „Að austanverðu milli Reyðarár og Bæjar úr Svartagilstindi sjónhending í upptök Reyðarár (Mjóadalsá). Þaðan ræður áin fram að svonefndri Grjótá, þaðan liggja mörkin beina línu í Grundarhraun, úr Grundarhrauni í þúfunu á Þinghrauni, úr þeirri þúfu sjónhending í austustu markþúfu á Karlsteigsbakka og þaðan beina línu út í Lón.“

Í júlímánuði ári 2013 gerðu eigendur Bæjarjarðanna með sér landskiptagerð (innfærð sem skjal nr. H-252/2013). Landskiptagerðinni fylgdi nákvæmur hnitasettur uppdráttur, sem sýndi skiptingu lands Bæjarjarðarinnar milli einstakra eigenda/eignarhluta á nánar afmörkuðu landsvæði sem nær „milli fjalls og fjöru“. Að austanverðu, gagnvart jörðinni Reyðará, var dregin lína milli mælipunkta sem á uppdrættinum voru merktir (talið frá Lóninu) E4, E2, E2 og E1, allir neðan (sunnan) þjóðveggar. Ofan (norðan) þjóðveggar voru (að því marki sem hér skiptir máli), settir út mælipunktarnir A20, A19, C9, A18 og A17 og lína dregin milli þeirra.

Hnitsetning nefndra mælipunkta fór ekki að fullu saman við skráð landamerki Reyðarár og Bæjar skv. þeim örnefnum sem tilgreind voru í landamerkjaskránum frá 1886 (Reyðará) og 1922 (Bæjarjarðirnar) og voru ekki bornir undir eigendur Reyðarár til staðfestingar. Hefur þetta skapað nokkra óvissu og sammæltust aðilar um að gera nýja merkjalýsingu um landamerki jarðanna. Var þar að fullu fylgt nefndri landskiptagerð Bæjar frá árinu 2013 nema hvað að dregin var ný lína frá mælipunkti A17 á uppdrætti frá 2013 og í mynni Grjótár, sem er upphaflegur hornpunktur skv. ofanefnum landamerkjaskránum. Allir aðilar sem málið varðar, þ.e. eigendur óskipts lands Bæjarjarðarinnar og þeir eigendur úrskiptra spildna úr Bæjarjörðinni, hverra merki liggja að Reyðará og eigendur Reyðarár, hafa undirritað merkjalýsingu þessu til staðfestu.

Fyrirspurn.


Í 1. mgr. 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 segir að skipting lands á landbúnaðarsvæðum skuli samrýmast skipulagsáætlun sbr. og 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá er einnig áskilnaður um það í 2. mgr. 6. gr jarðalaga að við beiðni um skiptingu eða sameiningu lands á

landbúnaðarsvæðum sé sveitarstjórn heimilt að krefjast þess að umsækjandi geri grein fyrir áhrifum hennar á búrekstrarskilyrði. Hvað það varðar þá verður engin breyting á búrekstrarskilyrðum þessarar jarða sem eru, að svo stöddu, ekki nema að litu leyti nýttar til hefðbundins landbúnaðar.

Með vísan til framangreinds og til að öllum formatriðum sé fylgt er þess óskað að sveitarstjórn/skipulagsyfirvöld láti í ljós hvort fyrirhuguð smávægileg breyting landamerka jarðanna samrýmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 6. gr. jarðalaga.

Hjálagt fylgir fullbúin og undirrituð merkjalýsing.

Fyrir hönd jarðeigenda:



Garðar Garðarsson, fv. hrl

gardar@landseign.is